



„Ofbeldi er dýrkeypt“.

Kostnaðarmat á áhrifum heimilisofbeldis

Anna Kristinsdóttir,
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar



Aðgerðir sveitarfélaga í samstarfi við lögreglu gegn heimilisofbeldi

2013

Reykjanesbær

2015

Reykjavík, Akureyri, Mosfellsbær,
Garðabær, Kópavogur og Hafnarfjörður



Var aðgerða þörf?

Á árinu 2013 bárust Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 593 tilkynningar varðandi heimilisófrið í Reykjavík en af þeim voru 438 mál skilgreind sem ágreiningur og 155 mál sem ofbeldi.

Í rannsókn á ofbeldi gegn konum sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd vann fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2010 kemur fram að rúmlega 42% aðspurðra kvenna á Íslandi hafa verið beittar ofbeldi einhvern tíma eftir 16 ára aldur.



Hvað kostar heimilisofbeldi samfélagið?



Hvaða kostnað þarf að skoða?

- ✓ **Tapaður efnahagslegur ábati einstaklings.**
Fjarvera frá vinnu, minni tekjur.
- ✓ **Heilbrigðiskostnaður.** Bráðapjónusta, læknakostnaður og lyfjakostnaður.
- ✓ **Lagalegur kostnaður.** Lögregla, rannsóknavinna, lögfræðiaðstoð, dómstólar, fangelsisvistun og fleiri þættir því tengdir.



Og fleiri þættir

- ✓ **Velferðarkerfið.** *Fjárhagsaðstoð, félagslegt húsnæði og barnavernd.*
- ✓ **Persónulegur kostnaður.** Skemmdir á eigum, flutningar og lögfræðileg aðstoð.
- ✓ **Sérhæfð þjónusta.** Kvennaathvarf, túlkþjónusta, símaþjónusta og sérhæfð ráðgjöf.




Og síðast en ekki síst

- ✓ **Andleg og líkamleg líðan.** Örorka, sjálfsvíg, dauðsföll vegna heilsuþrest sem skapast af ofbeldi, morð og almenn lífsgæði



Kyn myrtra ásamt tengslum við morðingjana* í síðustu 11 morðum á Íslandi sem eru skilgreind heimilisofbeldismál (nær aftur til 2003)



Evrópuráðið

Erfitt að meta kostnaðinn auk þess sem ofbeldi er mismikið og missýnilegt í einstökum löndum.

Talið er að kostnaður í ríkjum Evrópuráðsins sé á bilinu 9 til 555 evrur á mann eða um það bil 1.530 til 94.350 íkr. á hvern íbúa á ári.

Kostnaður á Íslandi myndi þannig vera 504.900.000 til 31,1 milljarðar íkr á ári.



Okkar raunveruleiki gæti verið..

Hafnafjörður

42.6 milljónir til

2, 6 milljarðar

Fljótsdalshérað

5,2 milljónir til

325 milljónir

Blönduós

1,3 milljón til

81 milljón



Noregur

Í skýrslu sem unnin var í Noregi um afleiðingar ofbeldis í nánnum samböndum kemur fram að kostnaður samfélagsins vegna heimilisofbeldis er á milli 4,5 til 6 milljarðar norskra króna eða 70 - 90 milljarða íslenskra króna á ári. Þessar háu fjárhæðir eru ekki síst tilkomnar vegna fjarvista og veikinda frá vinnu.

Þolendur ofbeldis verða oft fyrir áverkum sem leiða til langvarandi heilsufarsvanda. Einnig að langvarandi hótanir og ofbeldi eru mjög streituvaldandi og koma í veg fyrir þátttöku þolenda og barna þeirra í samfélaginu.



Hvað annað?

- ✓ Snýr ekki bara að krónum og aurum.
- ✓ Snýr að lífshamingju einstaklinga í öllum sveitarfélögum smáum sem stórum.
- ✓ Snýr að því börn og ungmenni búi við öryggi inn á heimilum.

